Svífðu með

Texti: Kristján Hreinsson

Lag: Pablo Beltrán Ruiz og Luis Demetrio

Þegar fegurð þína fæ ég séð
flýg af stað svífðu með,
Ég vil lofa þetta líf með þér
ljúfan dans – svíf með þér.

Og með allt sem hefur áður skeð
ég er hér – svífðu með,
Eins og fögur ský sem fljúga hjá
förum viðum loftin blá.

Þegar tónlistin tryllir mitt geð
tek ég flugið og þú kemur með,
Þöndum vængjum með þér burt ég svíf
þetta ’er yndislegt líf.

Þegar sólin snertir blómabeð
bið ég þig – svífðu með,
Eins og dægurflugur dönsum við
dönsum nú hlið við hlið.

Höfundaskráning: https://secondhandsongs.com/performance/35312/all

Textaheimild: varðveitt söngtextaskjal úr safni Ragga Bjarna. Höfundar halda réttindum sínum.